

Íslensk NýOrka ehf

Síðumúli 13, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík

Sími: 588-0310 Fax: 588-0315 GSM: 863-6510 Netfang: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 29.10.19

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til ræktunar orkujurta á Íslandi, 44. mál.

Afurðir orkujurta má nýta sem eldsneyti í samgöngum, jafnt á bíla, skip og jafnvel á flugvélar. Á Íslandi er yfirleitt horft til framleiðslu á eldsneyti fyrir skip enda sjá hagaðilar, sérstaklega útgerðaraðilar, ekki fyrir sér orkuskipti á næstu árum til ~2030. Orkuskipti eru hafin á sjó í ferðamannabátum og ferjum bæði hérlendis sem erlendis en eru komin afar skammt á veg og eru ekki samkeppnisfær í verðum við olíu enn sem komið er. Skiptir í því sambandi ekki mál hvort notaðir væru rafgeymar, vetni, metanól, ammoníak eða metan (rafeldsneyti). Í Noregi eru menn stórhuga á þessu sviði og hafa sett sér markmið að draga úr notkun jarðafnaeldsneytis á sjó um 50% til 2030 en ekki 10% líkt og íslensk stjórnvöld. Norðmenn ætla í orkuskipti á sjó á næstu 10 árum!

Ákveðin tækifæri eru í að nota lífeldsneyti sem íblöndun í jarðefnaeldsneyti fyrir mismunandi samgöngumáta (þar með talið haftengda starfsemi). Áhugvert verkefni er nú í gangi hjá Skinney-Þinganes á Hornafirði og mikilvægt að fylgjast með hvernig slíkt verkefni gengur. Maersk skipafélagið og fleiri hafa einnig unnið verkefni þar sem lífdísell er blandaður í mismunandi tegundir olíu fyrir skip, þar með talið svartolíu, og hafa þau verkefni öll gengið vel. Lífdísill hefur einnig verið prófaður sem íblöndun í flugeldsneyti og gegnið vel en of snemmt er að segja fyrir um hvort slíkt haldi áfram.

Það að mynda starfshóp til að skoða möguleika lífeldsneytis og hvort beita eigi hagrænum hvötum til að hefja ræktun og framleiðslu er mikilvægt skref áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Áhugi skipaútgerða, og þá sérstaklega þeirra í ferðamannageiranum, er mikill í að draga úr sínu sótspori. Einn möguleiki í því sambandi er að nýta lífeldsneyti til íblöndunar. Einnig gæti þetta verið skref fyrir fiskiskipaflota landsmanna og mikilvægt að skoða nánar með tilliti til framleiðslukostnaðar. Einnig spilar hér inni orkuöryggi þjóðarinnar, þ.e. að stærri hluti orkuframleiðslunnar sé innlendur.

Undirritaður telur því jákvætt að skipa starfshóp um málið – sem skoðar framleiðsluna út frá fjölbreyttum sjónarhornum, landnotkun, kostnaður, hagaðilar o.s.frv. og í kjölfar slíkrar vinnu er hægt að leggja mat á hvort og hvernig hagrænum hvötum megi beita til að auka notkun lífdísels á Íslandi.

Virðingarfyllst,
Jón Björn Skúlason
Framkvæmdastjóri